



# Álagning gjalda og gjaldskrár 2024 Ásahreppur.

Samþykkt af hreppsnefnd Ásahrepps þann 15. nóvember 2023.

## 1. Álagningarprósenta útsvars 2024

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta útsvars skuli vera 14,97%.

## 2. Álagningarhlutfall fasteignaskatts 2024

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningaprósenta fasteignaskatts verði:

- A** 0,15% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
- B** 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.
- C** 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.

Afsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 13. desember 2017.

Gjald dagar verða sex (6) talsins árið 2024, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí. Þar sem heildarupphæð er undir kr. 20.000 er einn gjalddagi, 1. apríl. eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfpósti. Álagningarseðlar eru aðgengilegir á heimsíðunni [www.island.is](http://www.island.is). Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt. Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfpósti gefst kostur á því og er bent á að hafa samband við skrifstofu hreppsins.

## 3. Gjaldskrá kaldvatnsveitu 2024.

Gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. er í endurskoðun hjá stjórn veitunnar. Afgreiðslu þessa liðar frestað til næsta fundar hreppsnefndar Ásahrepps, en þá ætti endurskoðuð gjaldskrá að liggja fyrir.

## 4. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjald fyrir meðhöndlun úrgangs verði samkvæmt gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs fyrir sorphirðu og sorpeyðingu.

## 5. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar á Hellu, Laugalandi og Þykkvabæ 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjaldtaka vegna almennrar notkunar íþróttamiðstöðvanna fari eftir sameiginlegri gjaldskrá Rangárþing ytra og Ásahrepps.

## 6. Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að innheimta sérstakt gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu, í samræmi við áður samþykkt gjaldskrá fyrir þessa þjónustu sveitarfélagsins. Kostnaður af reglubundinni tæmingu rotþróa og rekstrarkostnaður við seyrumeðhöndlun er grúdvöllur að gjalddöku fyrir þessa þjónustu sveitarfélagsins.



#### **7. Heimgreiðslur 2024.**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um heimgreiðslur, frá nóvember 2019, verði óbreyttar og hámarksupphæð verði kr. 80.000.

#### **8. Íþróttá- og tómsundastyrkur 2024.**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um íþróttá- og tómsundastyrki, frá nóvember 2019, verði óbreyttar og styrkur geti numið allt að kr. 75.000.

#### **9. Hvatastyrkur til íbúa eldri en 60 ára til íþróttá- og heilsustyrkingar 2024.**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita íbúum Ásahrepps hvatastyrk til heilsuefnlingar og félagslegrar virkni að upphæð allt að kr. 75.000 á hvern íbúa eldri en 60 ára, gegn framvísun greiðslukvittunar fyrir kostnaði er lýtur að heilsurækt og félagslegrar virkni viðkomandi á árinu 2024.

#### **10. Leikskólagjald.**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að leikskólagjöld verði skv. útgefinni gjaldskrá Odda bs. fyrir árið 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að veittur verði 50% afsláttur af gjaldskrá Odda bs. árið 2024 fyrir börn í leikskóla.

#### **11. Mötuneytiskostnaður leik- og grunnskólabarna.**

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að greitt verði áfram 100% mótuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn á árinu 2024. Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.